

Fundur dreifbýlisnefndar Reykhólahrepps í Flatey 27. júní 2016

Mætt voru: Erla Björk Jónsdóttir, Baldur Ragnarsson, Sveinn Ragnarsson (varamaður), Áslaug B. Guttormsdóttir, Guðrún Marta Ársælsdóttir (varamaður).

Fundarstjóri, Erla Björk Jónsdóttir formaður, bauð fundarmenn velkomna. Ritari var Áslaug Berta Guttormsdóttir.

1. **mál: Fundargerð dreifbýlisnefndar 25. febrúar 2016.** Farið yfir fundargerðina. Engar athugasemdir gerðar og samþykkt samhljóða.
2. **mál: Seinni umræða um erindisbréf nefndarinnar.** Eftirfarandi breytingar voru gerðar og samþykktar samhljóða:
 - 1. gr. Bætt við síðustu málsgreinina „sem starfsnefnd“ og hljómar hún þá þannig: Nefndin heyrir beint undir hreppsnefnd **sem starfsnefnd**.
 - 4. gr. Bætt inn í málsgreinina „erindum og“ og hljómar hún þá þannig: Fulltrúar dreifbýlisnefndar hlutast ekki til um valdsvið annarra nefnda en er heimilt að benda á málefni og koma **erindum og** ályktunum á framfæri til annarra nefnda.
 - 10. gr. Orðalagi fyrstu málsgreinar hagrætt og hljómar hún þá þannig: **Ár hvert skal nefndin skila fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins** fyrir hreppsnefnd til samþykktar.
 - 12. gr. Bætt við: Að vinna önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.
3. **mál: Flatey og verkefni Byggðastofnunar „Brothættar byggðir“.** Umræða um hugsanlega umsókn. Nefndin er samþykk því að Reykhólahreppur sendi inn umsókn til Byggðastofnunar vegna hopandi byggðar, einkum í Flatey.

Um verkefnið segir á vef Byggðastofnunar: Upphaf verkefnisins „Brothættar byggðir“ má rekja til samstarfs við Norðurþing sem hófst á árinu 2012 vegna bráðavanda á Raufarhöfn sem þó átti sér langan aðdraganda í kjölfar missis aflaheimilda. Síðan hefur verkefnið vaxið frá því að vera tilraunaverkefni á Raufarhöfn í það að vera verklag sem nýtur fjárheimilda á fjárlögum og nær verkefnið nú til sjö samfélaga víðsvegar á landinu t.d. Bíldudals, Skaftárhrepps, Breiðdalshrepps, Grímseyjar og Hríseyjar. Markmið aðgerðarinnar er að stöðva viðvarandi fólksfækkun. Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðakjarna og sveitir landsins, sem vegna smæðar sinnar hafa ekki getað nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðaþróunar- og samfélagsuppbyggingar. Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðarlagsins. Ekki er gert ráð fyrir að Byggðastofnun auglýsi eftir umsóknum um þátttöku í Brothættum byggðum, heldur óski sveitarfélag eftir þátttöku fyrir tiltekið byggðarlag þegar ástæða þykir.

Fundarmenn voru sammála um að stefna að umsókn. Samþykkt samhljóða að Erla Björk Jónsdóttir og Áslaug Berta Guttormsdóttir verði fulltrúar fastalandsins og Baldur Ragnarsson

verði fulltrúi Flateyjar í samráði við FFF (Framfarafélag Flateyjar) varðandi undirbúning að umsókn í „Brothættar byggðir“ Bygðastofnunar í samráði við sveitarstjórn og sveitarstjóra.

4. **mál: Staðsetning ljósavélar Orkubús Vestfjarða í Flatey.** Baldur upplýsti að borist hefði bréf frá O.V. með ósk um að taka tilboði Prískerja um staðsetningu ljósavélar í Frystihúsinu. Málið er enn ekki fullfrágengið en verið er að vinna í því, þ.á m. fjárhagsáætlun. Málið er í vinnslu.
5. **mál: Málefni hafnanna í Flatey og á Stað. Erindi og áskorun til Siglingasviðs Vegagerðarinnar um að halda úti samgöngutengingu á „vegum“.** Samþykkt samhljóða að Erla Jónsdóttir og Áslaug B. Guttormsdóttir semji áskorun til Siglingasviðs Vegagerðarinnar að flýta ákvörðunum um umbætur á Flateyjarhöfn og óska eftir skriflegum svörum frá Siglingasviði Vegagerðarinnar um stöðu bryggjunnar á Stað. Bréf verði lagt fyrir sveitarstjórn til samþykktar.
6. **mál: Ljósleiðaramál. Erindi til sveitarstjórnar fyrir fjárlagagerð ársins 2017.** Nefndin ræddi um mikilvægi lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu, til að treysta atvinnutækifæri og byggð á svæðinu. Samþykkt samhljóða að beina þeim tilmælum til sveitarstjórnar að gera ráð fyrir lagningu ljósleiðara í fjárhagsáætlun 2017 og leggja fram áætlun um verkið, þ.e. í hvaða áföngum vinna eigi að ljósleiðaratengingu innan sveitarfélagsins.
7. **mál: Málefni sauðfjárnænda í Gufudalssveit vegna réttar/nátthaga.** Nefndin samþykkir að beina málinu til fjallskilaneftndar. Nefndin bendir á að nauðsynlegt er að fá alla sauðfjárnændur í Gufudalssveit til álits og/eða fundar og ræða hugsanlega og varanlega lausn mála.
8. **Salerni og sorpgámar fyrir ferðamenn.** Nefndin ræddi mikilvægi þess að tryggja aðgengi ferðamanna að salernum og ruslatunnum innan sveitarfélagsins á Vestfjarðavegi 60. M.a. var rætt að verkfræðistofan EFLA vann að kortlagningu vegasalerna við hringvegin og lauk verkefninu á vordögum 2016. Niðurstöður liggja að mestu fyrir og er ljóst að langt er á milli vegasalerna utan hefðbundins opnunartíma þjónustuaðila. Þrátt fyrir að Vestfirðir og Reykhólahreppur séu ekki meðtalin í þessari könnun, þá má vel heimfæra niðurstöður á okkar sveitarfélag. Nefndin beinir því til Umhverfisneftndar og sveitarstjórnar að koma upp salernum á 1-2 stöðum í sveitarfélaginu við þjóðveginn, en þó með þeim hætti að hægt sé að semja við aðila um að þjónusta salernin, s.s. varðandi áfyllingu, þrif og eftirlit gegn greiðslu. Viðhaldi væri sinnt af sveitarfélaginu eftir þörfum. Gera þyrfti ráð fyrir kaupum á salernum á fjárhagsáætlun 2017.
9. **Önnur mál, löglega upp borin.**
 - a. Ítrekun til Umhverfisneftndar að ræða um tvöfalt sorpgjald á lögbýli fyrir næstu fjárhagsáætlanagerð.
10. **Mál til kynningar.**
 - a. Baldur ræddi að þar sem ekki hefði fengist sumarstarfsmaður í Flatey, eins og auglýst var eftir, hefði hann ásamt öðrum aðila áhuga á að sækja um starfið í ágúst. Hann beinir því fyrirspurn til sveitarstjórnar um hvort mögulegt sé að tveir menn taki starfið

að sér í ágúst og ætla þeir að sækja um starfið til sveitarstjóra. Nefndin leggur til samþykki.

- b. Unglingar sem dvelja í Flatey, jafnvel að staðaldri yfir sumartímann með foreldrum sínum, hafa verið duglegir við snyrtingu og hreinsun í eyjunni. Þetta hafa þeir gert í sjálfboðavinnu, m.a. undir stjórn Gyðu formanns FFF. Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar við fjárlagagerð 2017, að lagt verði fé til unglingavinnu í Flatey sem nemur nokkrum dagsverkum.

Stefnt að fjórða fundi dreifbýlisnefndar Reykhólahrepps í Gufudalssveit í september/október 2016. Fundarstaður auglýstur síðar.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Erla Björk Jónsdóttir

Baldur Ragnarsson

Sveinn Ragnarsson (varamaður)

Áslaug B. Guttormsdóttir

Guðrún Marta Ársælsdóttir (varamaður)